



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Nefndarsvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Ísafjörður, 1. apríl 2019
2019010030

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um fiskeldi, 647. mál.

Á 1054. fundi bæjarráðs sem haldinn var 18. mars sl., var lögð fram umsagnarbeiðni um frumvarp um fiskeldi í 647. máli á Alþingi. Eftirfarandi er afrit úr fundargerðarbók bæjarráðs Ísafjarðarbæjar:

„15. Frumvarp til laga um fiskeldi, 647. mál – 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dags. 11. mars sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál. Umsagnarfrestur er til 29. mars nk.

Bæjarráð felur bærstjóra að vinna umsögnina í samráði við þær nefndir sem málið varðar.

Undirrituð sendir nefndarsviði Alþingis hér með eftirfarandi umsögn fyrir hönd Ísafjarðarbæjar:

„Það frumvarp sem hér er til umsagnar gegnir lykilhlutverki varðandi framþróun og uppbyggingu samfélaga á Vestfjörðum. Bærstjórn Ísafjarðarbæjar fagnar þeim breytingum sem þó hafa orðið á frumvarpinu frá fyrstu drögum. Þar ber sérstaklega að nefna breytingar sem tryggja betri stöðugleika í rekstrarskilyrðum fyrirtækja í fiskeldi og auka gegnsæi. Aukin krafa um eftirlit sem tryggir vernd og sjálfbærni í nýtingu auðlindanna er einnig skref í rétta átt og í fullu samræmi við sýn bærstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Enn er þó ljóst að við afgreiðslu Alþingis þurfa að koma til veigamiklar breytingar á frumvarpinu í nokkrum grundvallaratriðum. Aðeins þannig mun það skapa sátt um uppbyggingu þeirra sjálfbæru samfélaga sem eiga hagsmuna að gæta. Tryggja verður skýrt og stöðugt efnahagsumhverfi og rekstrarskilyrði svo greinin nái að komast á legg án stöðugrar óvissu um breytingar á leikreglum og viðmiðum. Í sátt við samfélög og náttúru.

Skortur á samráði

Frumvarpið er byggt á vinnu nefndar sjávarútvegsráðherra um stefnumörkun í fiskeldi sem skilaði skýrslu í ágúst 2017. Að þeirri stefnumörkun komu nokkrir útvaldir hópar án allrar aðkomu sveitarfélaga eða að höfðu samráði við þau. Það er með öllu

þss

óviðunandi og ítrekar bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þá skoðun sína að sveitarfélög verði að vera með í ráðum við svo mikilvæga stefnumótunarvinnu.

Nefndin mælti með að áfram yrði unnið á grundvelli skýrslunnar. Ein af megingillögum nefndarinnar var að fyrst yrði afgreidd breyting á lögum um fiskeldi er varðaði áhættumat erfðablöndunar. Sú niðurstaða hefur verið kjarnaatriði í allri umræðu og ekki leitt til neinnar niðurstöðu.

Áhættumat erfðablöndunar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur efasemdir um lögbindingu áhættumats erfðablöndunar. Það sama hefur komið fram í áliti Fjórðungssambands Vestfirðinga og hefur þessi afstaða komið skýrt fram í umsögnum um frumvörp sama efnis á 148. löggjafarþingi og í Samráðsgátt. Í fyrsta lagi er hér um að ræða vísindi sem enn eru í þróun. Í annan stað, og það sem mest er um vert, þá er hér verið að færa vísindastofnun ákvarðanavald sem á og verður að vera á borði framkvæmdavaldsins.

Með lögfestingunni á áhættumatinu í núverandi mynd er verið að færa Hafrannsóknarstofnun öll spil á hendur. Fram til þessa hefur þessi ríka áhersla á áhættumat erfðablöndunar haldið fiskeldi á norðanverðum Vestfjörðum í fullkominni óvissu. Á meðan hafa veigamiklir þættir eins og útbreiðsla sjúkdóma, lúsasmit og hvíld eldissvæða fengið litla sem enga athygli. En þetta eru nokkur af þeim lykilatriðum sem verða að skipa veigameiri sess ef á að takast að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um að fiskeldi í sjókvíum verði byggt upp sem framtíðaratvinnuvegur.

Með sama áframhaldi mun lítið þokast í uppbyggingarátt. Fyrirhugað tilraunaeldi í Ísafjarðardjúpi mun í raun tefja allt ferli og leyfisveitingar fiskeldis í atvinnuskyni. Sveitarfélögin við Ísafjarðardjúp eiga ekki að þurfa að bíða eftir niðurstöðum tilraunaeldis þegar öll rök styðja áform fyrirtækja um að hefja fiskeldi á svæðinu í sátt við náttúru og samfélög.

Hafrannsóknarstofnun gegnir lykilhlutverki sem vísindastofnun. Hennar trúverðugleiki byggir á því að geta veitt faglega ráðgjöf. Ráðgjöf og innlegg sem ráðherra á að geta tekið tillit til við eiginlega ákvarðanatöku.

Áhættumati erfðablöndunar hefur þegar sett alvarlegt strik í reikning allra þeirra fyrirtækja og sveitarfélaga sem vinna að uppbyggingu fiskeldis í Ísafjarðardjúpi. Sá lærdómur sem stjórnvöld verða að draga af þeirri bitru reynslu er að Hafrannsóknarstofnun verður að vera hafin yfir þann vafa sem fylgir beinu ákvörðunarvaldi. Stofnunin verður að geta unnið með öllum aðilum að tillögum og lausnum. Það gengur ekki að þeir neiti að setja upp sviðsmyndir og horfi ekki til mótvægisáðgerða eins og tíðkast hefur í þeirra vinnu og nálgun fram til þessa.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur tímabært að unnið verði eftir því skýra markmiði að það sé áhugavert fyrir íslenska þjóð að byggja upp fiskeldi. Að stefnt verði að þessu markmiði en á sama tíma verði verndun og viðgangur íslenska laxastofnsins tryggður. Eitt útilokar ekki annað og vel hægt að vinna að þessum markmiðum samhliða.

Þannig ættu flestir að geta verið sammála því að það sé áhugavert og mikilvægt að hægt sé að nota burðarþol fjarða til fulls. Það mun skipta miklu máli fyrir ríkissjóð, sveitarfélög og íbúa þar sem eldi fer fram. Að sjálfsögðu þarf að lágmarka neikvæð áhrif þess á umhverfið og mikilvægt er að vernda villta laxastofna.

Ef það áhættumat sem lagt hefur verið fram er rétt þá er niðurstaðan sú fyrir eldi á Vestfjörðum að hægt er að framleiða sem nemur öllu burðarþoli fjarða á svæðinu að undanskildu Ísafjarðardjúpi án þess að áhætta sé metin of mikil fyrir allar laxveiðiar


landsins. Jafnframt staðfestir áhættumatið að væri laxeldi í Ísafjarðardjúpi sem nemur 30.000 tonna framleiðslu eða jafnt og metið burðarþol djúpsins mun erfðablöndun í laxveiðiám utan Vestfjarða vera innan marka Hafró. Hins vegar segir áhættumatið að tvær laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi séu í hættu hvað erfðablöndun varðar ef eldi sem nemur burðarþoli Ísafjarðardjúps væri leyft.

Í ljósi þess hve miklir hagsmunir geta falist í því að eldi verði leyft í Ísafjarðardjúpi og vegna þess hversu afmörkuð áhrif eldið mun hafa á laxveiðiár telur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mikilvægt að kanna leiðir til þess að eldi í Ísafjarðardjúpi verði að veruleika. Ísafjarðarbær vill því velja upp þeirri spurningu hvort réttlæt看legt sé að gera áhættumatinu jafn hátt undir höfði og gert er í núverandi frumvarpi. Ljóst má vera að áhætta vegna erfðablöndunar er lítil á landinu öllu og frekar ætti að leita leiða til að hefja eldi t.d. í Ísafjarðardjúpi og Austfjörðum í áföngum með það að markmiði að burðarþol fjarða verði nýtt.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur fulla ástæðu til að hafa raunverulegar áhyggjur af því að komi ekki til breytinga á frumvarpinu við afgreiðslu Alþingis þá muni það þýða að Ísafjarðardjúp verður áfram lokað fyrir eldi á lax í sjókvíum. Það væri óásættanleg niðurstaða.

Kjarni frumvarpsins væri þannig í raun að hamla hugsanlegum vexti þegar yfirlýsta markmiðið og tilgangurinn ætti að væri að byggja upp nýja atvinnugrein á grundvelli faglegrar stefnumörkunar og ábyrgar náttúruverndar.“

Virðingarfyllst,



Þórdís Sif Sigurðardóttir
bæjarritari

